

Geðhjálp í vanda

KRISTÓFER Þorleifssyni geðlækni á Kleppspítalanum finnst það ankannalegt, eins og hann orðar það í Mbl. 27. apríl, að fráfarandi formanni Geðhjálpar, Eyðisi Sveinbjarnardóttur, nýorðnum sviðstjóra hjúkrunar á geðsviði Landspítalans - háskólasjúkrahúss, listist ekki nógu vel á hann sem formannskandidat í Geðhjálp. Eyðis er einmitt að láta af störfum eftir aðeins hálfárs formennsku vegna skilnings hennar á stöðu og eðli okkar félags. Eyðis fylgist með þróuninni og gerir sér grein fyrir því, að það fer illa saman að gegna ábyrgðarstöðu í geðheilbrigðisþjónustunni og veita formennsku í félagi sem hefur það að markmiði að gæta hagsmuna og tala máli þeirra tugþúsunda Íslendinga sem einhvern tíma á lífsleiðinni hafa þurft eða þurfa á þessari þjónustu að halda. Geðhjálp þarf að vera sjálfstæður, gagnrýnni aðili, veita geðheilbrigðisþjónustunni aðhald, vera eftirlitsaðili, einskonar notendasamtök, þar á meðal gagnvart geðlæknum. Geðhjálp beitir sér líka fyrir umbótum og og styður sérhvert frumkvæði í baráttunni gegn fordómum og vanþekkingu, fyrir forvörnum og fræðslu. Sú þróun hefur orðið hér á landi sem erlendis, að sjúklingar eða notendur heilbrigðisþjónustunnar taki sjálfir forystu í sínum hagsmunasamtökum. Þetta endurspeglast bæði í einstökum félögum og heildarsamtökum eins og Öryrkjabandalaginu. Í alþjóðasamtökum fatlaðra eru nú í gildi reglur sem gera kröfur til aðildarfélaga um að meirihluti stjórnar komi úr hópi sjúklinga eða fatlaðra eftir atvikum. Hér á landi óx þessi skilningur snemma hjá einstökum samtökum, þannig gat enginn gerst félagi í SÍBS nema hann væri berkla-sjúklingur og í Blindrafélaginu eru engir nema blindir og alvarlega sjónskertir, auk foreldra blindra barna, þar til þau verða sjálfráða.



Sveinn Rúnar Hauksson

Það liggir í hlutarins eðli vegna þeirra fordóma sem tengst hafa geðsjúkdómum, að erfitt hefur verið að fá einstaklinga úr þessum sjúklingahópi til að stíga fram og kynna sig sem slíka og takast á hendur forystu í félaginu Geðhjálp. Þær breytingar eru hins vegar að verða með tilkomu hins árangursríka Geðræktarverkefnis og sjálfshjálparhópa sem Geðhjálp hefur einnig veitt húsa-skjól, að æ fleiri öðlast

ljark og þar með bata til að reifa sinn geðvanda, einsog hvern annan sjúkdóm. Fremstir í flokki hafa farið verkefnisstjóri Geðræktar sem hefur sagt sína reynslusögu um leið og hann veitir fræðslu um geðsjúkdóma í skólum, vinnustöðum og fjölmiðlum og núverandi varaformaður Geðhjálpar sem hefur í sjónvarps- og blaðaviðtölum veitt fólki innsýn í reynslu manns sem verður fyrir alvarlegum sjúkdómi, tekst á við hann og kemst heill til baka. Þeir hafa báðir verið reiðubúnir að miðla öðrum og öðlast þannig sjálfir frekari styrk. Ég vil kalla þessa ungu menn múrbrjóta gegn þeim vegg fordóma, einangrunar og vanþekkingar sem varnar því að geðsjúkír njóti fullra mannréttinda. Sá síðarnefndi gefur nú kost á sér til formennsku í félaginu og er það fagnadarefni.

Þeir tímabundnu örðugleikar sem Geðhjálp gengur nú í gegnum hafa orðið enn meiri vegna ábyrgðarlausrar blaðamennsku bæði dagblaða og ljósvakamiðla og hafa í skjóli hennar gosið upp leyndir fordómar gegn geðsjúkum og félagi okkar. Rót þessara örðugleika liggur í samkrulli stuðningsþjónustu sem geðfatlaðir eiga rétt á af hálfu hins opinbera og félagsins sem á að vera hagsmunas- og eftirlitsaðili notenda þjónustunnar. Eftir aðalfund á síðasta ári var sú staða komin upp að tveir af launuðum starfsmönnum stuðningsþjónustunnar höfðu fengið sæti í stjórn félagsins.

Geðheilbrigði

Geðhjálp, segir Sveinn Rúnar Hauksson, þarf að veita geðheilbrigðisþjónustunni aðhald.

Það er hálf sannleikur í besta falli hjá Kristófer að segja Eyðisi og félagi hafa rekið fyrrum framkvæmdastjóra. Sannleikurinn er sá, að eftir frábær störf um árabil í þágu félagsins neyddist hann til að segja starfi sínu lausu vegna ólgu í starfsmannahópnum. Sama röt var að brotthvarfi forstöðumanns stuðningsþjónustunnar. Nýleg skýrsla sem leiddi í ljós ýmsilegt ábótavant olli enn frekari ólgu. Einstaka starfsmenn virðast hafa tekið hana sem persónulega árás á sig og sín störf. Það er miður. Gott starf hefur verið unnið í gegnum árin, en þegar í ljós kemur eitthvað misjafnt þá er að taka á því. Stjórnin hefur í því sambandi gert tillögu um sjálfstæða rekstrarstjórn fyrir stuðningsþjónustuna og eðlilegt væri að starfsfólk hennar ætti sér fulltrúa þar. Slíkur aðskilnaður í stað þess samkrulls sem nú er verður spor í rétta átt. Hinu má svo ekki gleyma að það er Félagisþjónustunnar og Svæðisskrifstofunnar í Reykjavík að taka ábyrgð á því að geðfatlaðir eins og aðrir fái þá þjónustu sem þeir eiga lögbundinn rétt á.

Þau viðbrögð starfsfólksins, með geðlæknum í broddi fylkingar, að gera tilraun til að yfirtaka stjórn Geðhjálpar á aðalfundi nýverið, hafa reynst óheppileg fyrir félagið okkar, jafnvel þótt ég sé viss um að flestir hafi komið þar að í góðri trú. Nú ber okkur öllum að slíðra sverðin, og slá skjaldborg um Geðhjálp sem öflug mannréttinda- og hagsmunasamtök þeirra sem takast á við geðsjúkdóma. Það er hlutverk aðalfundar Geðhjálpar í dag.

Höfundur er lækni og félagi í Geðhjálp.